



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Miðborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3	Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg.....	7
3.1	Krílakot	7
3.1.1	Endurmat 2021-2022.....	8
3.1.2	Umbótaþáttur 2022-2023	8
3.2	Regnbogaland.....	9
3.2.1	Endurmat 2021-2022.....	9
3.2.2	Umbótaþáttur 2022-2023	10
3.3	Hæð	11
3.3.1	Endurmat 2021-2022.....	11
3.3.2	Umbótaþáttur fyrir 2022-2023.....	12
3.4	Skeljadeild.....	13
3.4.1	Endurmat 2021-2022.....	13
3.4.2	Umbótaþættir 2022-2023	14
3.5	Kuðungadeild.....	14
3.5.1	Endurmat 2021-2022.....	14
3.5.2	Umbótaþættir 2022-2023	14
3.6	Krossfiskadeild.....	16
3.6.1	Endurmat 2021-2022.....	16
3.6.2	Umbótaþættir 2022-2023	16
4	Innra mat sérkennslu.....	17
4.1	Endurmat 2021-2022.....	17
4.1.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	18
5	Innra mat – fjöltyngd börn	19
5.1	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	20



6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8	Foreldrasamvinna.....	21
9	Skipulagsdagar.....	22
10	Fylgigögn.....	24
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	24



1 Greinargerð leikskólastjóra

Vegna nýs leikskólahús fyrir Miðborg sem til sendur að opna eftir tvö ár, hefur verið lögð áhersla á að vinna að sameiginlegri námskrá fyrir allar starfsstöðvar leikskólans. Stjórnendateymi Miðborgar ástamt fagstjóra Miðborgar fóru til Kaupmannahafnar í mars s.l. Til að skoða Børnehuset Himmel og Hav og funda með stjórnendum. Børnehuset Himmel og Hav er leikskóli sem var sameinaður úr þremur húsum í eitt stórt nýbyggt leikskólahús. Tilgangur ferðarinnar var að hitta stjórnendur sem höfðu reynslu að flytja menningu og starfshætti úr þremur húsum í eitt. Eftir að hafa hitt stjórnendur skólans var vinnufundur í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, þar sem unnið var úr samtalinu við stjórnendur Himmel og Hav og grunnur lagður að áframhaldandi vinnu stjórnendateymis í Miðborg.

Á öllum deildum leikskólans var Völu appið nýtt að meiri krafti í samskiptum við foreldra bæði af foreldrum og starfsmönnum deilda. Nú nýta allar deildar það til þess að setja inn myndir af daglegustarfi. Yngstu deildar nota það í sambandi við svefn barna. Foreldrar nota það einnig meira til þess að tilkynna forföll og annað í þeim dúr.

Ráðningar gengu hægt s.l haust og lauk þeim ekki fyrr en upp úr áramótum. Einn af starfsmönnum fékk leyfisbréf sem kennari á árinu, svo enn fjölgar þeim sem eru með leyfisbréf. Einn starfsmaður hóf nám haustið 2021 í leikskólakennarafræðum í HÍ.

Stytting vinnuvikunnar gengur vel, en er áskorun hverja viku fyrir leikskóla á þremur starfsstöðvum. En almenn ánægja er með styttinguna og það er vilji starfsmanna að halda áfram með sama fyrirkomulag og hefur verið frá upphafi.

Til stóð að starfsfólk leikskólans færi í náms-og kynnisferð til útlanda í maí. Þeirri ferð var frestað vegna heimsfaraldursins. En í lok júní fór starfsmannahópurinn í vel heppnaða náms-og kynnisferð í Suðurnesjabæ sem Fjóra Þorvaldsdóttir verkefnastjóri á SFS skipulagði fyrir starfsfólk leikskólans.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Vegna aðstæðna í starfsmannahaldi fór innra mat leikskólans fyrir ofna garð og neðan. Þeir þættir sem átti að meta síðasta skólaár eru fluttir yfir á skólaárið 2022-2023.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfsskönnun starfsmanna	Rafræn spurninga-könnun á vegum Reykjavíkurborgar	Starfsfólk Miðborgar	Það sem þarf að bæta er starfsandi, samvinna og móttaka nýliða. Þessir þættir eru koma ekki á óvart í könnuninni og þegar komnir inn í umbótaráætlun og innra mat fyrir komandi starfsár.

Umbótarþáttur leikskólans 2022-2023



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnendateymi Miðborgar	Auka tengsl deildarstjóra	Deildarstjórafundir í húsum síðasta föstudag í mánuði og sameiginlegir deildarstjórafundir aðra föstudaga mánaðarins	Leikskólastjórar	Haust 2022	Vor 2023	Fundagerðir yfirfarnar og haldið utanum skipulag í dagatali.	Sameiginleg sýn Stjórnenda-teymis skólans á leikskólastarfið og skipulag skólans
Uppeldis- og menntastarf							
Samræma vinnubrögð og vinna drög að nýrri skólanámskrá	Að finna Sameiginlegan flöt á öllum deildum hvað varðar vinnubrögð, uppeldis og mennta-starf og skóla sem lærdóms-samfélags	Stjórnendateymi leikskólans hittist á deildarstjórafundum um einu sinni í viku þar sem meðal annars er rætt og lagður grunnur að nýrri námskrá. Einnig að fá inn á fundi annað fagfólk.	Leikskólastjóri ásamt stjórnendateymi mi leikskólans.	Haust 2022	Vor 2023	Umræðumat, skráningar, fundagerðir.	Að á vorönn verði til grunnur til að gefa út drög að námskrá
Mannauður/ Leikskólabragar							



Tengja starfsstöðvar	Markmiðið er að starfsfólk sé meðvitað um að Miðborg er leikskóli í þremur húsum	Virkja deildarstjóra í því samtali við starfsmenn og hvetja til að fara á milli deilda í heimsóknir. Virkja þekkingu á mannauði skólans á milli deilda. Einnig verður farið í námsferð sem m.a. hefur það að markmiði að efla samheldni í starfsmannhópn um.	Stjórnenda-teymi	Haust 2022	Vor 2023	Umræðumat í lok haust og svo vor annar.	Samheldni í Starfsmann a-hópnum og aukin starfsánægja Með þessu er hafinn undirbúningur að flutningi í nýja skólahúsið
Innra mat							
Flæði	Að halda áfram að þróa flæði í starfi leikskólans, þar sem fókus er settur á hlutverk starfsfólks/kennara í flæði.	Fræðsla um Flæði í leikskólastarfi fyrir allt starfsfólk.	Leikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Fagfundir stjórnendateymis, fundargerðir, umræður	Að flæði sé rauður þráður í leikskólastarfinu.

3 Innra mat leikskóladeilda í leikskólanum Miðborg

Sex deildir eru starfræktar í Miðborg. Lögð hefur verið áhersla á að deildirnar vinni eftir þeim umbótarþáttum sem lagt var upp með síðasta haust sem og að meta þróunarverkefni sem unnið er út frá Menntastefnu Reykjavíkur.

3.1 Krílakot

Krílakot er á starfstöðinni Barónsborg og eru börnin á aldrinum 1-2 ára. Á Krílakoti vinnum við með flæði í leik fyrir hádegi, þar fá börnin að velja sjálf hvað þau vilja takast á við hverju sinni. Í flæði er boðið uppá einingakubba, listasmiðju og hreyfingu. Börnin fara einnig í Könnunarleik í hópastarfi 1x í viku. Í könnunarleiknum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og



rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Samverustundir eru 2x á dag, fyrir hádegismat og eftir kaffitíma. Þar er mesta áherslan lögð á að syngja og lestur bóka. Útivera er á hverjum degi, ef veður leyfir, þar sem börnin geta notið sín í frjálsum leik. Einnig er unnið með mánaðarlegt þema.

3.1.1 Endurmat 2021-2022

Matartíminn: Markmiðið var að börnin myndu ganga frá eftir sig eftir hádegismatinn til að efla sjálfshjálp og sjálfsöryggi. Við breyttum aðeins og tókum kaffitímann í stað hádegisverðar vegna aðstæðna á deild þ.e. vegna margfalds bráðafnæmis og ofnæmis hjá barni. Börnin voru mjög fljót að tileinka sér frágang eftir kaffitímann og aðlagast breyttum aðstæðum. Einnig sást hversu stolt þau voru yfir að fá að gera hlutina sjálf. Þannig að markmiðinu var náð þó við hefðum breytt fráganginum frá hádegismat yfir í kaffitíma.

Tækifæri til úrbóta: Þar sem mikill fjöldi barna á Krílakoti færa sig um deild í haust og nýr hópur mun byrja viljum við halda áfram með þennan þátt þar sem kaffitíminn hefur gegnið vel en einnig færa okkur yfir í að börnin gangi sjálf eftir sig í öllum matmálstímum; morgunmat, hádegismat og nónhressingu.

Útivera-umhverfislæsi: Mikil áhersla var lögð á útiveru síðasta ár og ekki síst vegna Covid. Á deildinni hefur mikil áhersla verið lögð á orðaforða og ný hugtök tengdum umhverfi, dýrum, plöntum, klæðnaði og veðurfari. Það endurspeglast sérstaklega í söngvum og spjalli tengt því t.d. í samverustundum og fataklefa. Verkefni tengd umhverfislæsi ganga vel s.s göngutúrar og nú nýjasta verkefnið að gróðursetja. Í heildina litið gengu markmiðin okkar vel og börnin hafa t.d notið sín í að mála snjó, snerta mold, búa til listaverk úr bláberjum o.s.frv.

Tækifæri til úrbóta: Þar sem mikill fjöldi barna á Krílakoti færa sig um deild í haust og nýr hópur mun byrja viljum við halda áfram að þróa vinnu með útiveru og umhverfislæsi. Að kennarar verði öruggir í þessari vinnu og bæta ofan á þau verkefni sem reynsla er komin á. Tengja útiveru og umhverfislæsi við þemu skólans s.s. haust, vetur, vor og haust.

3.1.2 Umbótaþáttur 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Sjálfshjálp í matartíma	Auðvelda börnum að bjarga sér sjálf við að	Skipuleggja tímasetningu varðandi flæðið í kaffitíma og	Deildastjóri . Allir taka þátt	08.22	05.2 3	Símat á deildarfundum, skráð í	Að auka sjálfshjálp barna þannig að



og flæði í kaffitíma	matast og frágang eftir matartíma. Efla sjálfstæði og sjálfsöryggi	breyta aðstöðunni til að koma því á. Kennarar séu hvetjandi og styðjandi				fundarbók hvernig gengur og yfirfarið reglulega..	þau verði sjálfstæðari í að ganga frá eftir sig og bjarga sér við matarborðið . Fylgjast með hæfni þeirra í að aðlagast flæði í kaffitíma
Útivera og umhverfislæsi	Að börn njóti útiveru og verði læs á umhverfi sitt. Efla fegurðarskyn .	Kenna ýmiss hugtök s.s. um veður,dýr ,plöntur og árstíðir.Göngutúrar með eldri börnum á deild. Leggja inn hugtök er varða fatnað m.t.t. veðurfars. Lesa bækur og syngja. Kennarar séu virkir í útiveru	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	08.22	05.23	Símat á deildarfundum og skráningar í bláu bókina (ferlibækur barnanna)	Að börnin læri orðaforða varðandi umhverfi og verði læs á það. Börnin sýni öryggi í útiveru. Börnin noti hugtök í leik, sköpun og samtali og sýni frumkvæði og forvitni um efnið.

3.2 Regnbogaland

Regnbogaland er á starfsstöðinni Barónsborg og eru börn á aldrinum 2ja-3ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu *Töfrandi tungumál*. Byggt er á á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin eru einstaklings – og hópverkefni sem styðja börnin í því að vinna saman. Megin áherslan okkar á Regnbogalandi hefur verið læsi.

3.2.1 Endurmat 2021-2022

Lýðræði: Stuðlað er að lýðræði þegar kemur að aðgengi barna að efnivið og ákvarðanatöku þeirra. Við höfum við verið að vinna mikið með flæði og endurmeta deildina. Í flæðinu fá börnin tækifæri til að þjálfa ákvörðunarhæfni sína og velja sér viðfangsefni eftir áhuga og getu.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að endurmeta deildina með tilliti til þess að börn hafi betri og meiri aðgang að efnivið sem eykur sjálfstæði þeirra og áhugahvatar. Vera vakandi fyrir hugmyndum barnanna og hjálpa þeim að takast á við ágreining sín á milli.

Endurvinnsla: Þegar kemur að endurvinnslu þá hefur sú vinna gengið vel, þau eru orðin mun meðvitaðri um flokkunartunnurnar og ruslið í garðinum. Börnunum okkar er annt um að garðurinn okkar sé hreinn.

Tækifæri til umbóta: Halda umræðunni lifandi og gera börn meðvituð um rusl í garðinum og flokkunartunnurnar.

Læsi: Málörvun og læsi er sá sem þáttur sem við höfum unnið mest með og hefur sú vinna borðið mikinn árangur. Við reyndum að flétta vinnu með læsi inn í daglegt starf deildarinnar og var til dæmis nefnd Halló-stund á morgnana góður vettvangur til þess. Halló-stundin var notaleg stund, þar sem fólk var boðið velkomið. Hún var einskonar gluggi, sem opnaðist út í daginn. Með bókinni „Lubbi finnur málbein“, er unnið með málhljóðin og var sú bók afar gott hjálpartæki. Tilgangurinn með notkun bókarinnar var að auka málörvun meðal barnanna og einnig að kynna íslensku málhljóðin fyrir þeim og að efla hljóðkerfisvitund þeirra. Þá bjuggu börnin til stafi úr ýmsu leikefni og þegar þau voru að mála eða teikna sköpuðu þau stundum stafinn sinn. Bækur er eitt af því, sem börnin á Regnbogalandi fengu að kynnast. Við lásum mjög mikið af bókum og börnin voru sífellt hvött til þess að taka bækur úr hillum, skoða og handfjatla. Þá ræddum við umgengni um bækur og fleira.

Tækifæri til umbóta: Áframhaldandi vinna með Lubba þar sem gert er ráð fyrir að skólinn fái námskeið um vinnu með „Lubbi finnur málbein“ og verður auðveldara að gera þá vinnu með börnunum eftir þá fræðslu. Halda einnig áfram að þróa Halló-stundirnar.

3.2.2 Umbótaþáttur 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Matartími sjálfshjálp	Að börnin nái tókum á því að skammta sér sjálf í matartíma og að þau séu hvött til að smakka sem flestan mat.	Aðstæður verða þannig að börnin geti sjálf nálgast matinn og að áhöld og annað verði við þeirra hæfi.	Allir starfsmenn taka þátt í verkefni nu.	1.9.22	Vor 2023	Söfnum gögnum með ljósmyndum og myndbandsupptök um. Reglulegt mat fer fram á deildarfundum vikulega.	Að börnin nái færni varðandi áhöldin, að börnin geti skammtað sér eftir magamáli.



3.3 Hæð

Síðustu ár hafa verið tvær deildir í Njálshöfn, Hæð og Klöpp, nú í vetur var þar ein deild og er hún kölluð Hæð. Á Hæð eru elstu börnin í Miðhöfn og börn fædd 2017 og þar dvelja 34 börn.

Unnið er að sjálfsefningu í gegnum leik og verkefni. Unnið er út frá áhugasviði barnanna og eru þeim leikskólans notuð sem kveikjur fyrir verkefni með börnunum og til að vinna í samfélagsfræði. Í vetur verður lögð sérstök áhersla á ferlið í skapandi starfi með von um að lærdómurinn af því muni koma fram í leik barnanna. Dagskipulagið miðast við að efla börnin, sjálfstæði þeirra, frumkvæði, félagsfærni og sjálfsaga.

Í starfinu er notast við opinn efnivið eins og kubba, leir, pappa, vatn, málningu, liti o.fl. opinn efniviður býður ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum.

Markmið okkar á Hæð er að þegar börn útskrifast frá okkur hafi þau sterka sjálfsmynd, séu félagslega sterk ásamt því að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Starfsfólkið okkar hefur þróað þekkingu sína og færni í að vinna með fjölmenningslegt leikskólastarf í gegnum verkefnið *Töfrandi tungumál*.

3.3.1 Endurmat 2021-2022

Fjölskyldubók: Það gekk vel með að vinna með fjölskyldubókina. Bókin er eins og „bláa bókin“ nema að hver og einn fyllir út eina opnu, bæði börn og starfsfólk. Bókin fer á milli heimila og þannig kynnist hópurinn betur. Börn og fjölskyldur þeirra voru ánægð með verkefnið og börnin stolt af því sem þau gerðu með foreldrum sínum.

Því miður setti Covid strík í reikninginn og bókin fór ekki á milli heimila eins og ætlast var til í upphafi.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með fjölskyldubókina og vonandi getur bókin farið oftari heim á komandi vetri.

Lýðræði – börnin taka þátt í reglugerð deildarinnar: Þetta markmið gleymdist í dagsins önn og var því ekki unnið markvisst með þetta. Næsta vetur munum við hafa markmiðin sýnileg uppi á vegg til að koma í veg fyrir að það komi fyrir aftur.

Skapa öllum börn tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik: Það gekk vel að skapa börnum tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik. Það er búið að endurraða leikefninu í Njálshöfn til að ýta enn frekar undir frjálsan leik. Börnin geta farið á það svæði sem þau óska eftir og frjáls leikur hefur mikið rými í dagskipulaginu.



Kennarar dreifa sér á svæði og aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að koma sér inn í leik á því svæði sem þau eru á: Það hefur gengið vel og höfum við það ávallt bakvið eyrað og ræðum á deildarfundum. Hvaða börn þurfa frekari aðstoð? Settum upp plaggat þar sem kennarar geta sett sig á svæði og skapa meiri yfirsýn yfir hvar aðrir kennarar eru.

Læsi, leggja áherslu á læsi í starfi með börnum og vinna með Lubbi finnur málbein: Hefur gengið ágætlega. Við höfum gætt að því að hafa bókaletur í dagskipulaginu þannig að öll börn fái tækifæri til að heyra bókaletur. Bækur eru sýnilegar og börnin eru hvött til að skoða bækur. Farið er á bókasafnið reglulega til að skoða bækur, hlusta á sögu og fá lánaðar bækur. Það er aðeins byrjað á því að skoða Lubba með yngri börnunum.

3.3.2 Umbótaþáttur fyrir 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Umhverfis læsi	Að þekkja og meta hverfið okkar og nánasta umhverfi	Með reglubundnum gönguferðum um hverfið og nágrenni okkar, með og án áfangastaðar, uppgötva og njóta.	Allir starfsmenn og deildarstjórnir	Haust 2022	Vor 2023	Á deildarfundum og með ljósmyndum frá ferðunum	Að börnin þekki helstu kennileiti og nánasta umhverfi okkar
Sköpun	Yta undir sköpun í öllu starfi og leik	Aðgengi að allskyns efnivið til skapandi leikja úti og inn	Allir og deildarstjórnir	Haust 2022	Vor 2023	Á deildarfundum	Skapandi börn, sjálfstæð í góðu flæði
Umgengni	Að allir gangi vel um skólann okkar bæði úti og inni, og að við sýnum nágrönnum okkar og okkur öllum sem deilum rými með virðingu og tillitsemi	Við erum til staðar sem starfsmenn og leiðbeinir í aðstæðum sem upp koma, fáar einfaldar reglur á úti og innsvæði, sem snúa að umgengni og frágangi, nota myndrænt þar sem það á við.	Allir og deildarstjórnir	Haust 2022	Vor 2023	Á deildarfundum og í daglegu starfi	Notalegt og snyrtilegt umhverfi sem öllum líður vel í



Markviss málörvun	Efla orðaforða og áhuga á tungumálinu.	Markvissar málörvunar stundir daglega e. hádegi í litlum hópum eftir getu hvers og eins, Lubbastundir, daglegar söng og samverustundir.	Allir og deildarstjórar.	Haust 2022	Vor 2023	Deildarfundir og í daglegu starfi	Þáttaka og virkni, HLJÓM2, TRAS
------------------------------	--	---	--------------------------	------------	----------	-----------------------------------	---------------------------------

3.4 Skeljadeild

Skeljadeild er ein af þremur deildum í Lindarborg og eru 24 börn á aldrinum 3-5 ára á deildinni. Unnið eftir hugmyndafræðinni um flæði, með áherslu á félagsfærni og læsi. Unnið er mikið með söng og dans og allskyns hreyfi og samskiptaleiki. Deildin er vel útbúin leikfangakosti og allskyns efnivið og er rýmið skemmtilegt og býður uppá mikla möguleika. Útinám og nærumhverfi er starfsfólki einnig hugleikið og er á dagskrá að efla það enn frekar. Á deildinni starfa fjórir leikskólakennarar í fullu starfi, einn sérkennari í hálfu starfi, tveir leiðbeinendur í fullu starfi og tveir starfsmenn í afleysingum.

3.4.1 Endurmat 2021-2022

Deildarfundir: Deildarfundir féllu niður að mestu leyti vegna Covid-19. Markmið helst frá fyrra ári að vera með deildarfundum þriðju hverja viku.

Tækifæri til úrbóta: Höldum áfram með þann umbótarþátt að hafa deildarfundum skipulagða sem leiðir til þess að samhæf vinnubrögð verði og aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks.

Læsi: Gekk vel og höldum áfram á svipaðri braut, bætum við- sjá umbótaþættir 2021-2022.

Tækifæri til úrbóta: Gera „Gefðu 10“ að föstum lið í vinnu kennara á deildinni.

Flæði: Gengur vel og er flæðið í stöðugri þróun og aðlögun á deildinni, allir starfsmenn jákvæðir og vilja halda áfram að þróa flæðið á Skeljadeild.

Tækifæri til úrbóta: Að halda áfram að þróa Flæði á deildinni með sameiginlegri sýn starfsmanna.

3.4.2 Umbótaþættir 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tungumál	Efla íslenska tungumálið þá sérstaklega fyrir börn af erlendum uppruna	Með samverustundum, Lubbastund og setja orð á daglegar athafnir. -lestur -myndmál	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Sept. 2022	Ágúst 2023	Deildarfundir, Dagbók, hugakort, góð samskipti milli starfsfólks.	Markvissari og faglegri vinnubrögð. Allir séu í takt.

3.5 Kuðungadeild

Kuðungadeild er ein af þremur deildum í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Þar eru 16 börn á aldrinum 2 til 3 ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er á þekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

3.5.1 Endurmat 2021-2022

Við veljum að nýta aftur umbótaþætti síðasta vetur þar sem okkur fannst við ekki hafa náð að bæta þá þætti eins vel og við vildum, sérstaklega vegna takmakanna vegna Covid.

3.5.2 Umbótaþættir 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Matartími	Að auka umræðu um matinn sem við borðum og áhuga á honum þar með.	Við viljum í samstarfi við eldhúsið fara í það að fara yfir hvað erum við að borða á hverjum degi í samverustund fyrir hádegismatinn. T.d. hvað er í salatinu, úr hverju er sósan og hvaða krydd eru notuð. Einnig hvaða áferð, lykt og bragð er af matnum.	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	September 2022	Maí 2023	Umræðumat, á deildarfundu m að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	Hvort þau hafi aukið orðaforða sinn um mat og skilning á mat
Foreldrakaffi	Að bjóða foreldra inn á deildir til að sjá hvað er að gerast þar og gefa foreldrum tækifæri á að tala saman sín á milli	Einu sinni í mánuði bjóðum við á deildinni í kaffi, frá t.d. kl 15	Allir á deildinni	Október 2022	Maí 2023	Umræða á deildarfundu m	Samtal við foreldra og starfsfólk um hvernig gengið hefur og hvort þau hafi haft gagn og gaman af.
Samverustund	Að öll börnin fái tækifæri til að tjá sig í samverustund og hlusta á félaga sína í hópnum.	Að í hverri samverustund er barn valið til að vera aðstoðarmaður í samverustund, sem getur falið í sér að fara yfir á töflu á veggnum hvaða dagur, mánuður og hvernig veðrið er úti og hvað þurfum við klæðast ef við förum út. Og svo verður söngur, nafnakall	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	September 2022	Maí 2023	Umræðumat, á deildarfundu m að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	Að öll börnin hafi haft möguleika á að taka þátt og tjá sig á sinn hátt í samverustund.
Lubbastund	Íslensku máhljóðin, efla hljóðkerfisv	Máhljóðin eru kynnt með stuttri sögu, vísu og líka með hreyfingum	Jóhanna mun sjá aðallega um Lubbastund ásamt aðstoð	September 2022	Maí 2023	Umræðumat, á deildarfundu m að taka alltaf 5-10	Eru börnin að segja hljóðin, læra þau tákinn



	itund hjá börnunum	sem tengjast hverju hljóði.	frá örðum á deildinni.			mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	og geta þau sungið lögin
--	--------------------	-----------------------------	------------------------	--	--	---	--------------------------

3.6 Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er ein af þremur deildum í Lindarborg. Á deildinni eru 13 börn á aldrinum 1-2 ára.

Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfsefningu aðallega en aðrir þættir svo sem læsi spila mikið inn í daglegt starf. Lögð er áhersla á að vinna út frá námi í gegnum leik því í leik þjálfast vitrænir og skapandi þættir s.s. tungumál, hreyfiproski, tilfinninga- og félagsþroski.

3.6.1 Endurmat 2021-2022

Miklar breytingar hafa orðið á deildinni í vetur, og töluverð starfsmannavelta. Aðlögun tók langan tíma að hluta til vegna COVID-19 (bæði vegna þess að þátttaka foreldra var í lágmarki og nær öll börn sem byrjuðu höfðu aldrei verið frá foreldrum sínum áður en þau byrjuðu í leikskólanum).

Barnahópurinn var einnig afar blandaður hvað varðar fjölmenningu og meirihluti barnanna eru með íslensku sem annað mál.

Umbótaþættir fyrir 2020-2021 voru læsi – að hafa ritmál sýnilegra, markvissari samverustundir, vinna meir í minni hópum og skýrari vinna með Bók barnsins. Samverustundir hafa gengið mjög vel og nú erum við með fasta hallóstund á morgnana sem börnin eru virkir þátttakendur í. Bók barnsins ætlum við að halda áfram að vinna í svo að skráningar verði faglegri og markvissari. Bækur hafa verið aðgengilegar fyrir börnin og það hefur reynst afar vel.

3.6.2 Umbótaþættir 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfi	Efla og bæta námsumhverfi barnanna, svo deildin sé á þeirra forsendum	Að verk barnanna fái að njóta sín í rýminu, efniviður fyrir börnin sé sýnilegur og í þeirra hæð.	Deildastjóri og samstarfsfólk á deildinni.	Haut 2022	Vor 2023	Gera hugarkort með samstarfsfólki og skoða efni þessu tengdu.	Deildin sé opin og bjóðandi. Að allt leikefni sé aðgengilegt fyrir börnin.

4 Innra mat sérkennslu

Við leggjum ríka áherslu á skóla fyrir alla og að komið sé á móts við þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að öll börn séu hluti af heild og fer því sérkennslan að mestu leiti fram inn á deildum og með barnahópnum. Við teljum nauðsynlegt að setja sig inn í hugsunarhátt og skipulag skóla fyrir alla svo það gangi sem best að koma til móts við þarfir allra barna.

4.1 Endurmat 2021-2022

Innleiðing á TRAS gekk ágætlega. Tveir deildarstjórar sóttu námskeið og var einn deildarstjóri með réttindin fyrir. Skráningar voru því gerðar á þremur deildum síðastliðinn vetur. Breytingar hafa orðið í stjórnendateymi leikskólans og verður þessi umbótaþáttur því áfram inn í umbótaáætlun.

Innleiðing á AEPS gekk vel. Starfsfólk sem sinnti sérkennslu fyllti út lista á 6 mánaðafresti til að fylgjast með framförum en einnig nýttu þau listann til að búa til einstaklingsáætlanir. Deildarstjórar fylltu út listann ef þeir vildu gera frekari athuganir á börnum á sínum deildum. Þeir fundu mikinn styrk til að ræða þroska barnanna við foreldra eftir að hafa fyllt listann út og fannst einnig auðveldara að fylgjast með framförum þegar listinn var yfirfarinn 3-6 mánuðum seinna. Innleiðingu telst lokið en sérkennslustjóri mun sjá til þess að unnið verði áfram með AEPS listann.

Þróunarverkefnið *Leikskóli fyrir alla – viðhorf og vinnubrögð* fór hægt af stað vegna COVID-19. Okkur gekk erfiðlega að ná starfsmannahópnum saman vegna þess að Miðborg er í þremur húsum og vorum við hólfaskipt þannig. Okkur tókst þó á haustmánuðum að innleiða *Lubbi finnur málbein* og var almenn ánægja með kennsluefnið. Leikskólinn mun halda áfram að nota efnið næsta vetur. Í byrjun árs 2022 vorum við með starfsdag þar sem starfsfólk fékk fræðslu um notkun upplýsingatækni í leikskólastarfi. Haldin var vinnustofa með aðstoð Mixtúru sem heppnaðist vel. Á vormánuðum var farið í námsferð á Suðurnesin þar sem leikskólinn Gefnarborg var heimsótt, erindi fengið frá leikskólanum Völlum og leikskólinn Vesturberg heimsóttur. Við teljum að ávinningur verkefnisins fyrir börnin sé að núna eru verkferlar og skipulag sérkennslu í betri farvegi. Aukin málörvun er einnig afar jákvæð fyrir barnahópinn sérstaklega vegna þess hversu hátt hlutfall barna eru tví- og fjöltyngd í leikskólanum. Öflug starfsþróun hefur einnig skilað sér beint til barnanna og m.a. var ákveðið að óska eftir því að fá að hafa Tæknikistu leikskólanna í Miðborg og náði það í gegn. Núna eru tæknileikföng aðgengileg og starfsfólkið duglegt að sækja leikföng í kistuna. Starfsfólk segir að það sjái betur fyrir sér hvað hægt er að bæta og vinna að þegar nýr leikskóli verður tilbúinn og er ákveðið í að innleiða nýja starfshætti og vinna áfram með hugmyndafræði um flæði.

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð fyrir fram og aðlöguð að hverju barni. Markmiðaaætlun var gerð í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa. Haldnir reglulegir teymisfundir . Þeir sem sinna sérkennslu halda úti vinnudagbók sem og að senda mánaðarlega skýrslu til sérkennslustjóra. Teknar myndir, skráningar, atferlisíhlutunskráningar . Einstaklingsáætlun/dagskipulag unnið eftir ákveðnu skipulagi þar sem fram kemur hvaða þroskaþætti er verið að vinna með. AEPS listi er fylltur út með reglulegu millibili. Bláa bókinn/ferlimappa
Hvaða matsgögn voru notuð?	Smábarnalistiinn Íslenski þroskalistiinn Orðaskil AEPS matslisti HLJÓM-2 tekið af öllum börnum í elsta árgangi Snemmtæk íhlutun málörvun tveggja til þriggja ára barna (Bjargir) TRAS
Hvaða námsefni var notað?	Bækur Myndir Spil ýmis konar Lærum og leikum með hljóðin Ljáðu mér eyra Markviss málörvun Orðagull Fjölnota límmiðabækur Fjölnota vatnslitabækur Lubbi finnur málbein Peltor Myndrænt dagskipulag PECS myndir Tákn með tali Ipad Ýmis efniviður sem til er í leikskólanum Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka Widget online

4.1.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TRAS	Skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast	Þeir deildarstjórar sem eiga eftir að fara á	Sérkennslustjóri	Haust 2022	Vor 2023	Deildarstjóri fyllir út TRAS fyrir öll börn deildarinnar.	Skráningarlisti til að skima eftir frávikum í mál-og



	með máltöku og félagsþroska 2ja-5 ára barna.	námskeið geri það.					félagsþroska barna með snemmtækri íhlutun í huga.
EFI-2	Að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.	Sérkennslustjóri fer á námskeið	Sérkennslustjóri	Haust 2022	Vor 2023	Sérkennslustjóri skimar börn þegar grunur vaknar um þörf á frekari greiningu fagaðila og eða ráðgjöf til foreldra.	Skimun á málskilningi og máltjáningu barna á 4. ári.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er nýtt til að mæta ráðningu verkefnastjóra fjölmenningar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Það er verið að vinna með Gefðu 10 á flestum deildum leikskólans. Unnið verður að því að vinnan með Gefðu 10 verði markvissari á öllum deildum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?	Markvisst er unnið með les- söng og samverustundir til þess að dýpka og auka orðaforða barna á fjölbreyttan hátt með máli og myndum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?	Hingað til hefur verið stuðst við HLJÓM-2 og málhlutann í TRAS. Á síðasta skólaári voru Hæfnirættir í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla innleiddir í leikskólanum. Unnið verður að því að veita stuðning við áframhaldandi vinnu með þá
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hugað að öllum þessum þáttum á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi barna með þarfir þeirra, getu og styrkleika til hliðsjónar.

5.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Þær aðferðir sem taldar eru árangursríkastar í námi fjölbreyttra barnahópa ganga út á að þróa skólastarf þannig að það feli í sér þátttöku allra nemenda, virkt lýðræði, jafnrétti til náms og valddreifingu allra þeirra sem koma að skólastarfinu

Markmið Miðborgar er að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms. Til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda er fjölbreyttum kennsluaðferðum beitt þar sem áhersla er lögð á þátttöku allra nemenda. Matstæki svo sem TRAS, Hæfniramar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, Hljóm-2 eru nýtt til þess að meta stöðu og hæfni nemenda og geta þar með séð hvort eða hvernig þurfi að grípa inn með frekari hætti. Eins er Gefðu 10 sterkt verkfæri þar sem markviss notkun leiðir af sér betri þekkingu og skilning á styrkleikum, áhugasviði og getu barna.

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Hæfniramar	Auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku	Innleiða og nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Verkefnastjórnir fjölmenninga og deildarstjórnar	Haut 2022	Vor 2023	Gátlistar og skráningar	Betri færni í íslensku
Gefðu 10	Að auka samræður og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku	Vinna markvisst með Gefðu 10 með fjöltyngdum börnum í leikskólanum	Allir starfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Gátlistar og skráningar	Betri færni í íslensku og betri þekking á stöðu og getu fjöltyngdra barna

Lubbi finnur málbein	Fara markvisst í hljóðanám barna og geta þannig séð ef frekari inngripa er þörf	Vinna með Lubbi finnur málbein markvisst á öllum deildum og aðlaga að getu og styrkleika hópa.	Verkefnastjórnir fjölmennings og Lubbateymi	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar	Betri færni í íslensku og betri þekking á stöðu og getu fjöltyngdra barna
Félagsfærni	Tryggja að fjöltyngd börn finni sig félagslega og eru virk í barnahópnum	Fylgjast náið með börnum og barnahópum, gera skráningar og vinna með Gefðu 10	Verkefnastjórnir fjölmennings og deildarstjórnar	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar, gátlistar, símat og fundir	Að starfsmenn séu meðvitaðir um getu og stöðu fjöltyngdra barna í barnahópnum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl féllu niður vegna Covid. Stefnt er að þau verði haldin á vorönn 2023.

Utanaðkomandi fræðsla hefur verið af skorum skammti í vetur. Skólinn er stór og í þremur húsum sem hafa verið skipt í sóttvarnarhólf að mestu fyrrihluta skólaársins og tæknibúnaður ekki til staðar til að vera með rafræna fræðslu. Fyrsti sameiginlegi skipulagsdagur fyrir Miðborg var haldinn í febrúar 2022 eftir langþráða bið. Allur starfsmannahópurinn fór vel heppnaða náms- og kynnisferð í Suðurnesjabæ í lok júní.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skilafundir eru með öllum börnum sem eru að hefja grunnskólagöngu í Austurbæjarskóla. Ekki hefur náðst samstarf um sameiginlega skipulagsdaga við hverfis grunnskólann eins og ætlast er til af SFS. Elstu börnin hitta elstu barnhópin í Grænuþorg og 1.bekk í Austurbæjarskóla fjórum sinnum fyrir skólaárið, einu sinni í Miðborg og Austurbæjarskóla og tvisvar sinnum í Grænuþorg. Þar mun barnahópurinn hittast og vinna að ýmsum þema verkefnum.

8 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Boðað verður til fundar í september/október 2022 þar sem kosið verður í foreldraráð fyrir starfsárið 2022-2023.

Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra

áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmiskonar viðburðum í samstarfi við leikskólann. Vegna aðstæðna hafa viðburðir á vegum foreldrafélagsins verið færri en áður hefur verið.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal einu sinni til tvisvar á ári, að hausti og að vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem farið sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfsemi deildar barnsins. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki.

Erlendum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í þátttökuaðlögun. Vegna aðstæðna hefur þurft að sleppa þátttökuaðlögun í þeirri mynd sem við erum vön að vinna eftir og því hefur aðlögun verið skarpri þar sem reynt hefur verið að hafa foreldra sem styst inn á deildum og kostur er.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.

9 Skipulagsdagar

Starfsdagar verða tveir á haust önn, 22.september og 25.nóvember. Að vetri verða svo tveir hálfir dagar, 10. febrúar fyrir hádegi og 17.apríl eftir hádegi. Í maí verða svo tveir starfsdagar, 25. og 26. maí.



AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. M. Frídagur vísunanna	1. F.	1. L.	1. Þ.	1. F. Fríðisdagurinn	1. S. Nýársdagur	1. M.	1. M.	1. L.	1. M. Vísunisdagurinn	1. F.	1. L.
2. Þ.	2. F.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M.	2. F.	2. F.	2. S. Þáttasemndagur	2. Þ.	2. F.	2. S.
3. M.	3. L.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. F.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.
4. F.	4. S.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M.	4. L.	4. L.	4. Þ.	4. F.	4. S. Skólamiddagurinn	4. Þ.
5. F.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. S.	5. M.	5. F.	5. M.	5. M.
6. L.	6. Þ.	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F. Þáttasemndir	6. M. Dagur íslensks náms	6. M.	6. F. Skóladagur	6. L.	6. Þ.	6. F.
7. S.	7. M.	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. Þ. Dagur íslensks náms	7. Þ.	7. F. Þáttasemndagurinn	7. S.	7. F. Skólamiddagurinn	7. F.
8. M.	8. F. Dagur íslensks náms	8. L.	8. Þ. Þáttasemndir	8. F.	8. S.	8. M.	8. M.	8. L.	8. M.	8. F.	8. L.
9. Þ.	9. F.	9. S.	9. M.	9. F.	9. M.	9. F.	9. F.	9. S. Þáttasemndagurinn	9. Þ.	9. F.	9. S.
10. M.	10. L.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ.	10. F. Þáttasemndir	10. F.	10. M. Áttatíundagurinn	10. M.	10. L.	10. M.
11. F.	11. S.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L. Dagur íslensks náms	11. L.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. Þ.
12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. S.	12. M.	12. F.	12. M.	12. M.
13. L.	13. Þ.	13. F.	13. S.	13. Þ.	13. F.	13. M.	13. M.	13. F.	13. L.	13. Þ.	13. F.
14. S.	14. M.	14. F.	14. Þ.	14. M.	14. L.	14. Þ. Dagur íslensks náms	14. Þ.	14. F.	14. S.	14. M.	14. F.
15. M.	15. F.	15. L.	15. Þ.	15. F.	15. S.	15. M.	15. M.	15. F.	15. M.	15. F.	15. L.
16. Þ.	16. F. Dagur íslensks náms	16. S.	16. M. Dagur íslensks náms	16. F.	16. M.	16. F.	16. F.	16. S.	16. Þ.	16. F.	16. S.
17. M.	17. L.	17. M.	17. F.	17. L.	17. Þ.	17. F.	17. F.	17. M. Þáttasemndagurinn	17. M.	17. L. Þáttasemndagurinn	17. M.
18. F.	18. S.	18. Þ.	18. F.	18. S.	18. M.	18. L.	18. L.	18. F. Þáttasemndagurinn	18. S.	18. F.	18. Þ.
19. F.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. S. Þáttasemndagurinn	19. S.	19. M.	19. F.	19. M.	19. M.
20. L.	20. Þ.	20. F.	20. S. Dagur íslensks náms	20. Þ.	20. F. Þáttasemndir	20. M. Þáttasemndir	20. M.	20. F. Þáttasemndagurinn	20. L.	20. Þ.	20. F.
21. S.	21. M.	21. F. Vísunisdagurinn	21. M.	21. M.	21. L.	21. Þ. Þáttasemndir	21. Þ.	21. F.	21. S.	21. M.	21. F.
22. M. Þáttasemndagurinn	22. F. Þáttasemndagurinn	22. L. Þáttasemndagurinn	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. M. Þáttasemndir	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.	22. L.
23. Þ.	23. F.	23. S.	23. M.	23. F. Þáttasemndir	23. M.	23. F. Vísunisdagurinn	23. F.	23. S.	23. Þ.	23. F.	23. S.
24. M.	24. L.	24. M. Vísunisdagurinn	24. F.	24. L. Áttatíundagurinn	24. Þ.	24. F. Vísunisdagurinn	24. F.	24. M.	24. M.	24. L.	24. M.
25. F.	25. S.	25. Þ. Vísunisdagurinn	25. F. Þáttasemndagurinn	25. S. Þáttasemndagurinn	25. M.	25. L.	25. L.	25. Þ. Þáttasemndagurinn	25. F. Þáttasemndagurinn	25. S.	25. Þ.
26. F.	26. M. Þáttasemndagurinn	26. M.	26. L.	26. M. Áttatíundagurinn	26. F.	26. S.	26. S.	26. F. Þáttasemndagurinn	26. M.	26. M.	26. M.
27. L.	27. Þ.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.	27. M.	27. M.	27. L.	27. Þ.	27. F.	27. F.
28. S.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ.	28. Þ.	28. S. Þáttasemndagurinn	28. M.	28. F.	28. F.
29. M.	29. F.	29. L.	29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M. Áttatíundagurinn	29. F.	29. L.
30. Þ.	30. F.	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. F.	30. F.	30. S.	30. Þ.	30. F.	30. S.
31. M.		31. M.		31. L. Þáttasemndagurinn	31. Þ.	31. F.	31. F.	31. M.	31. M.		31. M.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld tækja ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmáttu tutugu virka daga í sumar. Leikskólasjóni ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldrað vikumandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða lokaðir í tíu til tutugu virka daga. Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hveju hverfi leikskólasjónir leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023 leikskólinn Miðborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind Svansdóttir
Snæbjörn Guðmundsson
Sigrún Jónsdóttir



Umsögn um starfsáætlun leikskólans Miðborgar 2022–2023

Starfsáætlunin er samþykkt af hálfu undirritaðs sem foreldris í foreldraráði leikskólans.

Áætlunin tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli í starfi leikskóla, er skýr og greinargóð og veitir þýðingarmikla innsýn í starf leikskólans. Hver leikskóladeild hefur skýr markmið sem ég tel raunhæf og brýnt er að þeim verði fylgt vel eftir í gegnum starf vetrarins. Innra mat og markmið endurspeglar enn fremur umgjörð leikskóla í samhengi við samfélag dagsins í dag á greinargóðan hátt, til að mynda hvað varðar mikilvægi fjölmenningsfélags og náttúru- og umhverfislæsis. Flæði í leik, hugmyndir um lýðræði og þátttöku barna á eigin forsendum eru enn fremur grundvallarliðir í starfsáætlun Miðborgar og kallast vel á við meginlýðræðishugmyndir samfélagsins eins og þær koma t.d. fram í heimsmarkmiðum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Snæbjörn Guðmundsson, foreldri á Njálshöfðum

Starfsáætlun Miðborgar - Umsögn

Það var ánægja að fá að lesa starfsáætlunina ykkar, margt spennandi framundan. Áætlunin hljómar yfir höfuð vel og það verður gaman að fá að fylgjast með þeim áskorunum sem eiga eftir að fylgja nýju og glæsilegu leikskólahúsi og sameiningu deilda og starfsfólks.

Það helsta sem ég myndi vilja benda á að ég sé að þið talið um starfsanda hjá ykkur, þá væri það að virkilega hlúa að starfsfólkinu ykkar og starfsandanum. Ég starfaði um skamma hríð sjálf á leikskóla sem leiðbeinandi og þá fékk ég örlitla innsýn. Þetta er krefjandi vinna sem er vanmetin af samfélaginu okkar, og þar af leiðandi oft mannekla og rót og álag á starfsfólki. Þess vegna myndi ég segja að það væri gríðarlega mikilvægt að hlúa vel að þeim þætti svo að starfsfólk sé opið og móttækilegt fyrir verkefnum skólans og líði vel.

Einn af styrkleikum ykkar er fjölbreytileiki starfsfólks og barna á leikskólanum. Og finnst mér það hafa gríðarmikla þýðingu að mörg barnanna geti séð einhvern fullorðin sem lítur út eins og þau, og þess vegna mikilvægt að hlúa vel að því einnig.

Bestu kveðjur
Sigrún Jónsdóttir



Umsögn:

Starfsáætlun þessi er ítarleg og gefur góða mynd af stefnu leikskólans. Ætti að vera skyldulesefni fyrir alla starfsmenn, nýja og gamla, og alla áhugasama foreldra. Stefnan og markið deildana koma skýr fram. Einnig er frábært að sjá að því er fylgt eftir með mati og umbótaáætlun. Undanfarin ár hafa verið einkennileg v/Covid en leikskólinn stóð sig afar vel á erfiðum tímum.

Unnið hefur verið í því með virkum hætti að virkja foreldra til þátttöku í gegnum foreldraráð og foreldrafélagið. Upplýsingagjöf til foreldra hefur verið góð, bæði í gegnum tölvupósta, Völu og foreldrasamtölum.

Kærar þakkir,

Berglind Svansdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



